

# Almennar skólareglur Varmahlíðarskóla

## **Námið**

Við berum ábyrgð á eigin námi.  
Við mætum stundvíslega og undirbúin í allar kennslustundir.  
Við notum snjalltæki í samráði við kennara og starfsfólk.

## **Samskipti**

Við berum ábyrgð á eigin framkomu og öllum samskiptum.  
Við berum virðingu fyrir sjálfum okkur og öðrum og sýnum sanngirni í samskiptum.  
Við hlítum fyrir mælum alls starfsfólks.  
Við sýnum engum ofbeldi, hvorki andlegt né líkamlegt.

## **Heilbrigði**

Við neytum ekki sælgætis eða gosdrykkja á skólatíma.  
Við notum ekki tóbak, áfengi eða önnur vímuefni.

## **Umgengni**

Við göngum snyrtilega um skólann og berum virðingu fyrir eigum hans og annarra.  
Við sitjum til borðs í matsal á matmálastímum og fylgjum reglum þar.  
Við geymum yfirhafnir og útiskó í anddyri.  
Við yfirgefum ekki skólalóð á skólatíma án leyfis.  
Við spennum öryggisbelti í skólabíl og sitjum kyrr í sætum okkar á meðan bíllinn er á ferð.  
Hver nemandi ber ábyrgð á þeim verðmætum sem hann kemur með í skólann og er ábyrgur fyrir því tjóni sem hann kann að valda á eigum annarra nemenda, starfsfólks eða skólans.

## Úrvinnsla agabrota og viðurlög

Viðbrögð við brotum á skólareglum eru til þess fallin að stuðla að jákvæðum skólabrag, bættri hegðun nemenda og aukinni ábyrgð. Það er sameiginlegt verkefni skólans og foreldra/forsjáraðila að standa vel að úrvinnslu agabrota. Viðurlög miðast fyrst og fremst við það að þau hjálpi nemandanum að bæta hegðun sína eða stöðu. Viðurlögum er beitt eftir aðstæðum, eðli og alvarleika brots. Agabrot og viðurlög skulu skráð í Mentor og birt foreldrum/forsjáraðilum.

Brjóti nemandi reglur skólans, truflar kennslu ítrekað eða er sjálfum sér og/eða öðrum til vandræða skal eftirfarandi ráðum beitt.

- 1) Nemandi fær tiltal og hvatningu um að bæta sig. Starfsfólk kemur upplýsingum til umsjónarkennara eftir því sem við á.
- 2) Umsjónarkennari ræðir formlega við nemandann um málið, hefur samband við foreldra/forsjáraðila og upplýsir um málið. Samskiptin skulu skráð í Mentor.
- 3) Sé nemandi vísað úr kennslustund fer hann á skrifstofu skólans og bíður við ritaraaðstöðu eftir þeim kennara sem málið varðar. Sama á við ef nemandi sýnir óviðunandi hegðun utan kennslustunda. Samskiptin skulu skráð í Mentor.
- 4) Skólastjóri ræðir við nemandi og/eða foreldra/forsjáraðila. Samskiptin skulu skráð í Mentor.
- 5) Umsjónarkennari boðar foreldra/forsjáraðila og nemandi til fundar með skólastjórnendum og/eða öðrum kennurum ef með þarf. Hvatt er til umbóta, fundargerð er skráð og fundarmenn samþykkja hana. Ákvarðanir sem teknar eru á fundinum eru skráðar í Mentor.
- 6) Í samstarfi við foreldra/forsjáraðila er unnið að bættri hegðun nemandi með viðurlögum s.s.
  - foreldrar sitja kennslustundir tímabundið
  - nemandi tekinn tímabundið úr aðstæðum
  - nemandi fær fylgdarmann (starfsmann eða foreldra) í frímínútur eða kennslustundir
  - nemandi aðskilinn frá bekkjarfélögum sínum, vinnur í einveru (í umsjá starfsmanns).
- 7) Skólastjóri tekur málið til umfjöllunar á nemendaverndarráðsfundi ef ástæða er til. Leitað er úrræða/aðstoðar sérfræðinga.
- 8) Sérstakar aðgerðir í samráði við skólayfirvöld, s.s. tímabundin brottvísun úr skóla eða samræmdar aðgerðir skv. 14. grein grunnskólalaga nr. 91/2008.

Brot getur verið þess eðlis að þetta ferli eigi ekki við og grípa þurfi til alvarlegra viðurlaga fyrr.

Hafi nemandi hegðað sér með þeim hætti að erfitt sé fyrir starfsmenn skólans að treysta honum til að fylgja reglum verður honum mögulega

meinuð þátttaka í skólaferð eða óskað eftir því að foreldri komi með í ferðina.

Nemandi sem brýtur skólareglur eða almenn lög á ferðalagi á vegum skólans verður sendur heim á kostnað foreldra.

*Uppfært í mars 2023*